

Ed. 978. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna, svo sem röð greina var breytt með lögum nr. 55/1984, koma þrjár nýjar greinar sem verða 14., 15. og 16. gr. laganna og hljóða svo:

a. (14. gr.)

Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánnum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

b. (15. gr.)

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.

c. (16. gr.)

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánnum og öðrum kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. kr. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundum um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundum sem haldnir eru um málefni deildarinnar og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

2. gr.

Núverandi 14. gr. laganna verður 17. gr. og breytist röð annarra greina skv. því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.